

6. gr.

154

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera 6 mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Garðahrepps hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

G J A L D S K R Á

155

fyrir Rafveitu Selfoss.

6. nóv.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.70 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 80 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af fermetra.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 60 auru hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 10.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.45 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málaun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári á hvern fermetra gólfplatlar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðist þó kr. 3.00 á ári á fermetra.

- 155** 2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
6. nón. 1. Grunnjald 750.00 kr. á ári.
 2. Aflgjald af notuðu afli 750.00 — — kw. á ári.
 3. Orkugjald 20 aura hverja kwst.
- Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum.
- Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.
3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
1. Grunnjald 750.00 kr. á ári.
 2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla 576.00 — —
 3. Orkugjald 20 aura hverja kwst.
- Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
 - Um kwst.mæli á 9 aura hverja kwst., í níu klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw uppsetts afls hitunartækis.
- Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hvert kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 60 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fastengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.45 hverja kwst.
- Til bókunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 20 aura hverja kwst., frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.45 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
- Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.

5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins. **155**

6. nív.

Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveðið stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 3.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 5.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. | — 10.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. | — 15.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald kr. 800.00 og auk þess 8 kr af hverjum þúsund kr. af brunabótamati húsa og mannvirkja upp að 500 þús. kr., en 4 kr. af hverju þús. kr. þar yfir.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þús. eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó miðað gjaldið við það.

Húseigandi greiði grunngjald um leið og uppsetning heimtaugar er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Heimilt er að veita gjaldfrest á helmingi heimtaugargjaldsins í allt að 6 mánuði.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meira en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 30 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

155 Gjalddskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og
6. nóv. gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjalddskrá fyrir Rafveitu Selfoss nr. 135 19. nóvember 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

156

10. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

Vatnsveita Raufarhafnar er fyrirtæki sem Raufarhafnarhreppur er eigandi að og rekur, í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og iðnfyrirtækja og allri annarri starfsemi, sem vatn þarf að nota í Raufarhafnarþorpi, eftir því sem við verður komið og nánar fram tekið í reglugerð þessari.

Vatnsveitan, bæði til neyzlu og iðnaðar, skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki, undir nafninu „Vatnsveita Raufarhafnar“. Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps annast stjórn og rekstur vatnsveitunnar og leggur fram ársreikning hennar árlega með ársreikningi hreppssjóðs. Reikningsár vatnsveitunnar er hið sama og annarra fyrirtækja hreppsfélagsins, almanaksárið. Framkvæmdastörf er veituna varðar, getur hreppsnefndin falið öðrum, og heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist, eða sjái um, önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er hreppsnefnd felur honum.

2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps (Vatnsveita Raufarhafnar) hefur einkarétt til vatnsveitu í Raufarhafnarþorpi og í höfninni. Óheimilt er skipum í Raufarhafnarhöfn að taka vatn annars staðar en úr æðum vatnsveitu Raufarhafnar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölumaður eða vatnsveitustjóri ákveða.

3. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars, sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda, að halda vatnsæðum sínum, frá stoppkrana, vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.